



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
fg@ki.is • www.ki.is

Reykjavík 23. janúar 2013

Ágæti sveitarstjórnarmaður

Fyrir hönd Félagsgrunnskólakennara sendi ég þér þetta bréf til að upplýsa um alvarlega stöðu í kjaraviðræðum félagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kjarasamningur aðila er laus og erfiðlega gengur að finna lausnir.

Kjaraviðræðum Félagsgrunnskólakennara (FG) og Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) var vísað til sáttameðferðar hjá sáttasemjara í desember 2012. Þá höfðu aðilar reynt árangurslaust í eitt ár að ná saman skv. viðræðuáætlun.

Frá síðasta samningi

Félaggrunnskólakennara gerði kjarasamning í maí 2011 eins og fjölmörg önnur stéttarfélag í landinu. Sá samningur var samþykktur með um 90% greiddra atkvæða. Í þeim kjarasamningi var samið um sambærilegar launahækkanir og á almennum vinnumarkaði, en að auki var sérstök bókun (sjá hér fyrir aftan í ramma) sem kvað á um frekari vinnu samningsaðila.

Bókun 2 [2011]

Framtíðarsýn í skólamállum

Aðilar eru sammála um að halda áfram vinnu á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamállum til ársins 2020, skv. sameiginlegum samningsmarkmiðum og markmiðum í kjarasamningi aðila frá 2008.

Í því skyni munu aðilar skipa tvo starfshópa með fulltrúum beggja aðila til að halda áfram þeirri vinnu sem lagður var grundvöllur að með vinnu starfshóps sem mótaði sameiginlega framtíðarsýn í skólamállum til ársins 2020.

Annar starfshópurinn mun m.a. fjalla um hlutverk kennara, innihald starfs þeirra og breytingar á störfum, auk þróunar skólastarfs almennt.

Hinn starfshópurinn mun fjalla um vinnutímakafli kjarasamnings og önnur ákvæði sem tengjast vinnutíma grunnskólakennara með það að markmiði að aðlagja hann að breyttum kröfum til skólastarfs.

Stefnt er að því að aðilar nái samkomulagi um breytingar fyrir 31. desember 2011. Það samkomulag verði borið undir félagsmenn FG í almennri atkvæðagreiðslu og skal niðurstaða hennar liggja fyrir eigi síðar en 16. febrúar 2012. Samþykki félagsmenn FG þær breytingar, taka þær gildi frá upphafi skólaársins 2012-2013. Felli félagsmenn FG umræddar breytingar eða náist ekki samkomulag um breytingatillögur, fellur kjarasamningurinn úr gildi frá 29. febrúar 2012 án sérstakrar uppsagnar.

Ekki tókst ekki að klára þessa vinnu í tæka tíð og gerðu aðilar samkomulag um tímasetta viðræðuáætlun sem rann út 1. desember síðastliðinn. Hluti þess samkomulags var að laun yrðu hækkuð 1. mars 2012 eins og kjarasamningur gerði ráð fyrir. Einnig að félagið myndi virða friðarskyldu á meðan viðræðuáætlun væri í gildi.

Áherslur í viðræðunum

Í viðræðum FG og SNS voru launaliðir samningsins ekki til umræðu, heldur þau atriði kjarasamnings sem hafa áhrif á vinnuáætlun grunnskólakennara.

Í viðræðunum voru ekki lagðar fram eiginlegar kröfugerðir. Gengið var út frá sameiginlegri vinnu samningsaðila meðal annars stórri könnun sem rúmlega 60% félagsmanna FG tók þátt í s.l. vor. Niðurstöður hennar voru sendar kennurum s.l. haust. Einnig lágu til grundvallar dagbókarfærslur um 70 kennara, sem skráðu alla vinnu sína til að samningsaðilar gætu betur áttað sig á umfangi starfs þeirra og breytingum sem orðið hafa á kennarastarfinu síðustu misseri. Að auki hafði samninganefnd FG ýmsar kannanir frá liðnum árum til að styðjast við, ábendingar frá fagfélögum kennara og umræður og ábendingar frá fjölmörgum fundum með trúnaðarmönnum og kennurum um land allt, síðustu misseri.

Helstu niðurstöður þessarar vinnu eru að:

- grunnverkefni flestra kennara eru þau sömu
- kennarar vinna mun meira en þeir fá greitt fyrir
- verkefnum kennara hefur fjölgað mikið með breyttum áherslum í skólastarfi
- álag hefur aukist mjög mikið og tími til að sinna verkefnum er ekki nægur
- trú kennara á stefnuna um skóla án aðgreiningar er ekki mikil miðað við framkvæmdina eins og hún er í dag af hálfu sveitarfélaganna

Mikilvægt er að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi og kennurum gert kleift að sinna fjölbreyttu starfi sínu. Til að mæta þessu lagði Samninganefnd FG fram hugmyndir að leiðum sem m.a. gætu minnkað álag og mætt þeim breytingum sem orðið hafa á starfsumhverfi grunnskólakennara. Þau atriði sem FG lagði áherslu á að rædd yrðu eru:

- starfslýsingar kennara. Ekki eru til á einum stað starfslýsingar fyrir kennara
- „nemendagildi“, kannaðir yrðu kostir og gallar við að ganga út frá þörf hvers nemanda fyrir kennslu.
- meiri tími handa umsjónarkennurum til að sinna umsjónarstarfinu t.d. lækkun kennsluskyldu um tvo tíma. Tryggt sé að umsjónarkennarar fái þennan viðbótartíma til að sinna umsjónarkennarastarfinu eingöngu.
- jöfnun grunnlauna, þannig að allir kennarar grunnraðist eins og þannig verði ekki munur á grunnlaunum umsjónarkennara, faggreinakennara eða list- og verkgreinakennara
- nánari skilgreining á starfsdögum í upphafi og lok skólaárs svo kennarar fái raunverulega tíma til undirbúnings og frágangs
- bekkja- og hópastærðir, þar sem áhersla er lögð á hámarksfjölda nemenda í bekk/námshópi, mismunandi eftir aldri nemenda, samkenntu innan og milli árganga, í sundi, íþróttum, list- og verkgreinum
- endurskoðun ákvæða um endurmenntun kennara, með áherslu á forræði kennarans og val um endurmenntun

- fjölgun / útvíkkun starfsheita, þar sem áhersla er lögð á að fjölga þeim er sinna árgangastjórn, fagstjórn o.s.frv. til að létta á verkefnum annarra

Hvað ber á milli

Ekki er ágreiningur um niðurstöður kannana og sameiginlega vinnu aðila. Báðum aðilum er ljóst að grípa verður til róttækra aðgerða til að bregðast við því ástandi sem lýst er hér að framan.

Samningsaðilar eru aftur á móti ekki sammála um hvaða leiðir skuli fara til að bregðast við því. FG lagði fram fyrrnefndar hugmyndir. SNS vill hins vegar bregðast við þessu álagi með því að „binda kennara“ á vinnustaðnum frá 8-16 og auka enn við verkstjórnarvald skólastjórnenda. Samninganefnd FG hefur bent á að kjarasamningur okkar hefur allt frá árinu 2008 boðið upp á að einstakir skólar semji um starfshætti og sveigjanlegan vinnutíma sbr. grein 2.1.6.3. (áður bókun 5).

2.1.6.3 Starfshættir og sveigjanlegur vinnutími

Nýta skal aukinn sveigjanleika í starfsháttum til að þróa verkaskiptingu, samstarfsform og samábyrgð kennara á skólastarfinu eftir því sem hentar í hverjum skóla og ákveðið er í skólanámskrá.

Kennurum og skólastjóra, fyrir hönd viðkomandi sveitarfélags, er heimilt að gera samkomulag um breytingar á vinnutímaákvæðum og taka upp hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum þ.e. á tímabilinu kl. 8:00 til 17:00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara (kennsla, undirbúningstími, verkstjórnartími og tími vegna símenntunar).

Þrátt fyrir að þetta ákvæði í kjarasamningnum frá 2008 eru einungis 3-8 skólar á öllu landinu sem nýta sér þetta árlega. Ekki verður séð að breyta þurfi grunnkjarasamningnum þar sem ákvæðið er ekki nýtt meira en raun ber vitni. Af fyrirbyggjandi gögnum má einnig sjá að þetta hefur ekki leitt til þeirra launahækkana sem samningsgreinin gefur fyrirheit um.

SNS hefur einnig lagt fram hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar úr 42.86 klst. Í staðinn væri hugsanlega hægt að færa vinnuna inn í jóla- og /eða páskaleyfi eða kalla kennara fyrir inn á haustin og/eða lengja viðveru þeirra inn á sumartímenn.

Hvað er framundan

Kjarasamningur Félags grunnskólakennara er allur laus, þar með talinn launaliður hans. Áður var unnið skv. sérstakri bókun en þar sem ekki náðist samkomulag þar um, hefst nýtt ferli í viðræðunum. Þar sem kjaraviðræðum okkar við sveitarfélögin hefur verið vísað til Ríkissáttasemjara tekur hann við stjórn viðræðna og boðar fundi. Félag grunnskólakennara er ekki lengur bundið af svokallaðri friðarskyldu þar sem ekki náðist kjarasamningur. Á þessari stundu verður ekki séð að kennarar fái launahækkun 1. mars 2013 eins og flestir félagsmenn annarra opinberra stéttarféлага. Næstu daga og vikur mun samninganefnd FG funda með trúnaðarmönnum og kennurum um allt land og fara nánar yfir stöðuna og kynna drög að samningsmarkmiðum félagsins í ljósi breyttra aðstæðna.

Með kveðju,

*Ólafur Loftsson
Formaður FG*